

# ***Reglur um könnun og meðferð barnaverndarmála hjá starfsmönnum fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyja.***

## **I. Almennt**

### 1.gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3.mgr. 14.gr. barnaverndarlaga nr.80/2002 (hér eftir kölluð bvl).

### 2.gr.

Þeir starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs sem vinna að barnaverndarmálum skulu hafa til þess formlegt umboð fjölskyldu- og tómstundaráðs (hér eftir kallað barnaverndarnefnd). Þeir kanna og fara með einstök barnaverndarmál í umboði nefndarinnar eftir reglum þessum, barnaverndarlögum, reglugerð nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd og eftir frekari ákvörðun nefndarinnar hverju sinni. Formlegt umboð starfsmanns fellur niður um leið og hann hættir störfum fyrir barnaverndarnefnd.

Barnaverndarnefnd getur hvenær sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanna og skulu þeir í störfum sínum framfylgja ákvörðunum nefndarinnar og fara að tilmælum hennar.

## **II. Um starfsmenn barnaverndarnefndar**

### 3.gr.

Þeir starfsmenn sem vinna við könnun og meðferð einstakra mála skulu hafa til þess tilskilda menntun og reynslu sbr. 14. gr. bvl., t.d. sem félagsráðgjafar, sálfræðingar, sérmenntaðir kennarar eða uppeldisfræðingar eða njóta handleiðslu slíkra aðila í starfi. Ofangreindir starfsmenn barnaverndarnefndar mynda barnaverndarteymi sem tekur ákvörðun um könnun mála, stuðningsúrræði á grundvelli barnaverndarlaga og lokun mála þegar ekki er þörf frekari afskipta.

### 4.gr.

Um vanhæfi starfsmanna til meðferðar einstakra mála gilda lagareglur stjórnsýslulaga nr. 33/1993.

#### 5.gr.

Starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar gera öðrum starfsmönnum í barnaverndarteymi grein fyrir þeim. Skal þá annar starfsmaður þegar taka við ábyrgð málsins. Ef þörf krefur tekur barnaverndarnefnd síðan endanlega ákvörðun um hvort starfsmaður kemur að vinnslu málsins eða ekki.

Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi meðan staðgengill er ekki til staðar.

#### 6.gr.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál séu nægjanlega upplýst áður en einhverjar ákvarðanir eru teknar. Jafnframt skulu starfsmenn afgreiða mál svo fljótt sem unnt er. Þannig skal tekin ákvörðun um hvort kanna skuli mál innan 7 daga frá því að tilkynning eða upplýsingar bárust sbr. 21. gr., 1. mgr. bvl. Könnun máls, þ.e. ákvörðun um beitingu viðeigandi úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun sbr. 41. gr. bvl.

Starfsmenn skulu sýna börnum, ungmennum, foreldrum og öðrum er tengjast máli fyllstu nærgætni við könnun og meðferð máls. Starfsmenn mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir verða vísir í störfum sínum um einkamál manna eða heimilisháttum.

### **III. Málsmeðferð hjá starfsmönnum**

#### 7.gr.

Starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum er varða óviðunandi aðbúnað barna. Skulu þeir gæta þess að skrá nákvæmlega efni tilkynninga og annað er máli kann að skipta. Ennfremur skal skráð sem tilkynning ef starfsmönnum berast á annan hátt upplýsingar um óviðunandi aðbúnað barns eða að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska geti verið hættu búin. Það sama gildir ef barn stefnir heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni.

Um leið og tilkynning berst skal tekin ákvörðun um hvort aðstæður barns séu með þeim hætti að kanna beri málið án tafar. Að öðrum kosti er tilkynningin tekin til umfjöllunar á vikulegum teymisfundi starfsmanna barnaverndarnefndar. Barnaverndarteymi tekur ákvörðun um könnun máls

sbr. 21. gr. bvl. og 14. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

Sé tekin ákvörðun um að kanna málið ekki frekar skal forráðamönnum barns tilkynnt skriflega um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun teymis í kjölfarið.

Ákvarðanir um að kanna ekki mál skulu lagðar fyrir barnaverndarnefnd til upplýsingar í skýrsluformi (sbr. sískráningarskýrslur til Barnaverndarstofu). Barnaverndarteymi skiptir með sér verkum, ákveður ábyrgðaraðila hvers máls og verkaskiptingu og aðkomu einstakra starfsmanna að hverju máli.

#### 8. gr.

Starfsmenn skulu vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd sbr. 16. og 19. gr. bvl. Það á þó ekki við ef um er að ræða tilkynnendur sem hafa stöðu sinnar og starfa vegna afskipti af málefnum barna, þ.e. skv. 17. gr. barnaverndarlaga sbr. 3. mgr. 19. gr. barnaverndarlaga.

#### 9.gr.

Starfsmenn barnaverndarnefndar hafa heimild til móttöku tilkynningar, könnunar máls og til að beita stuðningsúrræðum skv. reglum barnaverndarnefndar, sjá ennfremur gr.14-15. Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd hefur starfsmaður umboð formanns til að framkvæma hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII kafla barnaverndarlaga, sbr. 31. gr. bvl. Slík ráðstöfun skal að jafnaði gerð í samráði við aðra starfsmenn í barnaverndarteymi. Hafi starfsmaður verið kvaddur til að sinna barni þar sem brýnna aðgerða er þörf, skal hann gera skriflega skýrslu þar sem fram koma ástæður íhlutunar og annað sem máli kann að skipta.

#### 10. gr.

Starfsmenn barnaverndarnefndar hafa umboð barnaverndarnefndar til að kæra mál til lögreglu ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gegn barni sbr. 20.gr. rgl. 56/2004. Í slíkum tilvikum skal könnun máls unnin í samvinnu við lögreglu og leitað ráðlegginga og liðsinnis frá Barnahúsi og Barnaverndarstofu ef þörf þykir. Sjá nánar verklagsreglur við könnun máls vegna gruns um kynferðislega misnotkun á barni.

#### 11.gr.

Starfsmaður skal afla upplýsinga frá þeim,er um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Skal jafnan aflað umsagnar skóla

eða annarrar stofnunar þar sem barn dvelur, heimilisaðstæður kannaðar og rætt við foreldra eða forráðamenn sbr, 22. gr. bvl.

Könnun starfsmanns skal miða að því að sem gleggstar upplýsingar fáiast um hagi barns sem í hlut á, tengsl þess við foreldra eða aðra, líkamlegt og andlegt ástand þess eða annað sem máli kann að skipta.

Starfsmaður skal að jafnaði greina foreldrum eða forráðamanni barns frá því að könnun á högum og aðbúnaði þess standi yfir sbr. 21. gr. bvl.

Við könnun máls skal leitast við að hafa samráð og samvinnu við foreldra (sbr. 43.gr. bvl.) um leið og aflað er sem gleggstra upplýsinga um hagi barns (sbr. 22.gr. bvl.). Gæta skal sérstaklega að trúnaði þegar leitað er upplýsinga um barn skv. 1.mgr. og skal könnun máls ekki vera umfangsmeiri en þörf krefur (sbr. 41. gr. bvl.). Lögð skal áhersla á að ræða við barn, í samræmi við aldur þess og þroska.

#### 12.gr.

Að lokinni könnun máls skal gerð skrifleg greinargerð um málið þar sem fram koma ástæður fyrir íhlutun starfsmanns, atvik máls og annað sem máli kann að skipta sbr. 23. gr. bvl. Greinargerð skal innihalda tillögur starfsmanns um áframhaldandi meðferð málsins og áætlun, sbr. 12. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun um að loka máli á grundvelli greinargerðar er tekin í barnaverndarteymi.

#### 13. gr.

Leiði könnun í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni, skal starfsmaður gera skriflega áætlun um meðferð málsins sbr. 23. gr. bvl. Áætlunin skal miða að því að bæta aðbúnað eða hegðun barns sem í hlut á og í áætlun skal koma fram hvaða úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi. Í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá. Áætlun skal eftir því sem við verður komið unnin í samráði og samvinnu við foreldra eða forráðamenn barns. Áætlun skal jafnframt unnin í samvinnu við barn sem í hlut á með tilliti til aldurs þess og þroska.

#### 14, gr,

Áætlun sem unnin er skv. 13. gr. reglna þessara skal að jafnaði gerð til 6 mánaða. Verklagsreglur um stuðningsúrræði eru hafðar til hliðsjónar við gerð áætlunar. Ef þörf er á áframhaldandi stuðningi eða ef ljóst er að stuðningsúrræði duga ekki til skal áætlun endurskoðuð og framlengd til allt að 3ja mánaða til viðbótar. Að þeim tíma loknum skal metið hvort aðgerðir

hafi skilað þeim árangri að málinu sé lokað (sbr. 22.gr. rgl. 56/2004). Að öðrum kosti skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd til kynningar og ákvörðunar um áframhaldandi aðgerðir. Aðilum skal tilkynnt formlega þegar máli er lokið og afskiptum þar með hætt.

#### 15. gr.

Ef ekki næst samkomulag við forráðamenn eða barn sem náð hefur 15 ára aldri, um gerð áætlunar um meðferð máls skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd til ákvörðunar um frekari aðgerðir (s.s. einhliða áætlun sbr. 4.mgr. 23.gr. bvl.) Það á einnig við ef forsendur áætlunar bresta s.s. vegna samvinnuskorts, afturkalls samþykkis foreldris eða barns fyrir aðgerðum (sbr. 34. gr. bvl.), breyttra aðstæðna og nýrra upplýsinga sem kalla á frekari aðgerðir sem ekki næst samkomulag um.

Að jafnaði skal mál einnig lagt fyrir barnaverndarnefnd til kynningar og eftir atvikum ákvarðana ef lagt er til að barn sé vistað utan heimilis til skemmri eða lengri tíma. Sama á við ef mál er kært til lögreglu (sbr. 20.gr. rgl. 56/2004 og 10.gr. reglna þessara), þá er málið lagt fyrir nefndina til kynningar.

#### 16. gr.

Áður en mál er lagt fyrir barnaverndarnefnd skal starfsmaður tilkynna foreldrum eða forráðamanni barns að málið verði lagt fyrir nefndina. Sama á við um barn þegar það er orðið 15 ára og nýtur réttar til málsaðildar.

Starfsmaður skal afhenda aðilum greinargerð og önnur gögn málsins. Starfsmaður getur ákveðið, telji hann það andstætt hagsmunum barns að aðilar fái ekki, að svo stöddu, að kynna sér innihald tiltekinna gagna þar til barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun þar að lútandi. Ákvörðun barnaverndarnefndar skal vera í formi úrskurðar sem aðilar geta skotið til kærufndar barnaverndarmála sbr. 6., 51. og 52. gr. barnaverndarlaga.

Starfsmaður skal vekja athygli foreldra eða forráðamanns og eftir atvikum barns á rétti þeirra samkvæmt 28. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd, þ.e. til að mæta á fund nefndarinnar og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli viðkomandi á rétti hans samkvæmt 28. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd til lögmannaaðstoðar og mögulega fjárhagsaðstoð í því skyni. (Sjá verklagsreglur um aðstoð til greiðslu lögmanskostnaðar í barnaverndarmálum).

17.gr.

Starfsmaður skal án ástæðulausar tafar og með sannanlegum hætti tilkynna viðkomandi aðilum um bókanir, ákvarðanir og úrskurði barnaverndarnefndar. Jafnframt skal þá veita hlutaðeigandi aðila leiðbeiningar um framgang máls varðandi kærunefnd barnaverndarmála, þegar það er fyrir hendi, kærufrest svo og hvert beina skuli kæru.

18. gr.

Starfsmenn skulu vinna ársskýrslu um barnavernd. Ársskýrslan skal send Barnaverndarstofu og kynnt barnaverndarnefnd á fundi. Þá skulu starfsmenn vinna ársfjórðungsskýrslu fyrir nefndina þar sem fram kemur fjöldi barnaverndarmála og staða þeirra í vinnslu,

#### **IV. Fósturmál og ættleiðingarmál.**

19.gr.

Starfsmenn kanna hagi umsækjenda um leyfi til að gerast fósturforeldrar skv. beiðni Barnaverndarstofu.

Slíkar umsóknir skulu lagðar fyrir barnaverndarnefnd með skriflegri greinargerð, þar sem fram koma upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra fósturforeldra, þarfir og hagsmuni barns og annað sem málið kann að varða. Barnaverndarnefnd afgreiðir umsóknina með umsögn um hæfi umsækjanda sbr. 66. gr. bvl.

20.gr.

Starfsmenn skulu aðstoða og undirbúa foreldra og barn fyrir væntanlegt fóstur. Enn fremur skulu starfsmenn veita fósturforeldrum stuðning og leiðbeiningar meðan á fóstri stendur eftir því sem ástæða þykir til. Starfsmaður skal koma á fósturheimili a.m.k. einu sinni á ári.

Starfsmaður skal gera skriflega skýrslu um afskipti hans að fósturmálum og eftirlit með fósturheimilum.

Telji starfsmaður að fósturforeldri vanræki uppeldishlutverk sitt skal hann gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til verndar barni. Ef um alvarlega vanrækslu er að ræða eða starfsmaður telur ástæðu til af öðrum orsökum skal hann kynna málið fyrir barnaverndarnefnd og Barnaverndarstofu.

21. gr.

Samþykki foreldra eða forráðamanns barns, fyrir því að það verði vistað utan heimilis eða því ráðstafað í fóstur, skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja aðila er votta að foreldrum eða forráðamanni hafi verið

gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum ráðstöfunarinnar. Sama á við um samþykki barns. Barns sem náð hefur 15 ára aldri telst aðili máls með þeim réttindum sem því fylgja skv. ákvæðum bvl. Ef barn sem ekki er orðið 15 ára samþykkir ekki fóstur skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta (sbr. 25.gr. bvl.).

#### 22.gr.

Þegar barnaverndarnefnd hefur samþykkt fóstur barns skulu starfsmenn gera skriflegan fóstursamning fyrir hönd barnaverndarnefndar við fósturforeldra. Í fóstursamningi, sem gerður skal á þar til gerð eyðublöð, skulu koma fram þau atriði sem getið er í XII kafla í barnaverndarlögum og annað sem máli kanna að skipta.

#### 23.gr.

Starfsmaður skal gera barni grein fyrir hvers vegna því var komið fyrir í fóstur og leita eftir viðhorfum þess til væntanlegs fósturs.

#### 24. gr.

Þegar barn er fósturað í öðru sveitarfélagi skal tilkynna barnaverndarnefnd í sveitarfélagi fósturforeldranna um þá ráðstöfun. Ennfremur skal haft samráð við skóla- og fræðsluyfirvöld viðkomandi sveitarfélags áður en fósturráðstöfun hefst og á meðan fósturvistun stendur.

#### 25. gr.

Þegar barn sem verið hefur í fóstri verður 18 ára skal leitað afstöðu þess varðandi áframhaldandi ráðstafanir sbr. 3.gr. bvl., allt til 20 ára aldurs. Sama getur átt við þegar aðrar ráðstafanir hafa verið í málinu, s.s. sjálfstæð búseta með stuðningi, vistun á meðferðarheimili, tilsjónarsambýli eða önnur úrræði utan heimilis.

#### 26.gr.

Starfsmenn annast könnun mála vegna umsagna barnaverndarnefndar um ættleiðingar, skv. lögum um ættleiðingar 130/1999, reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005 og reglugerð um veitingu leyfa til ættleiðingar nr. 1120/2006.. Þegar greinargerð starfsmanna liggur fyrir skal kynna hana fyrir umsækjendum og gefa þeim tækifæri til að koma með athugasemdir áður en málið er lagt fyrir barnaverndarnefnd. Barnaverndarnefnd gefur umsögn sína sem send er Sýslumannsembættinu í Búðardal sem fer með leyfisveitingar skv. rgl. 1120/2006.

## 27. gr.

Starfsmenn annast mál þar sem farið er fram á umsögn eða liðsinni barnaverndarnefndar, s.s. þegar foreldrar fela öðrum forsjá barns síns sbr. 90.gr. bvl. og 32. gr. barnalaga nr. 76/2003, þegar óskað er liðsinnis fulltrúa barnaverndarnefndar við framkvæmd forsjárákvörðunar skv. 45. gr. barnalaga og vegna eftirlits barnaverndarnefndar með umgengni skv. úrskurði sýslumanns skv. 47. gr. barnalaga.

Starfsmenn annast umsagnir vegna leyfisbeiðna sbr. 91.gr. bvl. s.s. vegna sumardvala fyrir börn.

## **VI. Gildistaka**

### 28.gr.

Reglur þessar og meðfylgjandi verklagsreglur öðlast gildi við staðfestingu Bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar.

Samþykkt í fjölskyldu- og tómstundaráði 30.03.2011 og í bæjarstjórn Vestmannaeyja 28.04.2011.



## Verklagsreglur I. Stuðningsúrræði barnaverndarnefndar.

### 1. gr.

Stuðningsúrræði á heimili skv. 24.gr. bvl.

Starfsmenn barnaverndarnefndar geta við gerð áætlunar um meðferð máls beitt eftirfarandi stuðningsúrræðum á heimili með samþykki foreldra.

- a) Stuðningsfjölskyldur allt að 4 sólarhringar í mánuði (greiðslur fari eftir viðmiðunarflokki 2, sbr. reglugerð nr. 155/1995 um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra). Tilsjón á heimili allt að 10 klst. á viku. Gerður skal sérstakur verksamningur um tilsjón á heimili.
- b) Persónulegur ráðgjafi barns allt að 5 klst. á viku
- c) Ráðgjöf og viðtöl starfsmanna barnaverndarnefndar
- d) Önnur stuðningsúrræði sem ekki krefjast útgjalda af hendi barnaverndarnefndar.
- e) Utanaðkomandi fagleg aðstoð, s.s. fjölskylduráðgjöf, sálfræðimeðferð utan stofnunar osfrv.
- f) Fjárhagsaðstoð skv. 15. gr. reglna um fjárhagsaðstoð, þ.e. aðstoð vegna barna s.s. leikskóla, daggæslu í heimahúsum, skólamáltíða, frístundavers, sumardvala, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tólmundastarfi.
- a) Aðstoð vegna vímuefnaðferðar sem ekki fellur undir reglur um fjárhagsaðstoð.
- g) Önnur stuðningsúrræði sem falla ekki undir þessar reglur en krefjast útgjalda af hendi barnaverndarnefndar

Liðir f-h skulu bornir undir framkvæmdastjóra til samþykktar áður en þeir koma til framkvæmda.

### 2. gr.

Frekari stuðningsúrræði á heimili skv. 24.gr. bvl.

Í áætlun um meðferð máls er einnig hægt að kveða á um stuðningsúrræði á heimili með samþykki foreldra, sem ekki falla innan þess ramma sem settur er í 1.gr., Þetta á t.d. við um ef fleiri tímum er úthlutað í tilsjón eða hærri greiðslur ákveðnar til stuðningsfjölskyldna t.d. vegna sérstakra hegðunarvandkvæða barns, Slík stuðningsúrræði skulu borin undir framkvæmdastjóra til samþykktar ásamt liðum f-h í 1. gr.

### 3. gr.

#### Stuðningsúrræði utan heimilis skv. 25.gr. bvl.

Stuðningsúrræði utan heimilis s.s. fósturráðstafanir (sbr. 25.gr. bvl.) skulu að jafnaði lögð fyrir barnaverndarnefnd til kynningar og eftir atvikum ákvarðana sbr. 15.gr. reglna um könnun og meðferð barnaverndarmála. Ef lagt er til að barn sé vistað utan heimilis til skemmri eða lengri tíma skal gæta að rétti barns til að tjá vilja sinn varðandi þá ráðstöfun sbr. 25. og 46. gr. bvl.

### 4. gr.

#### Úrræði skv. öðrum lögum

Úrræði samkvæmt öðrum lögum geta verið t.d. úrræði samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um almannatryggingar, atvinnuleysistryggingar o.fl. Ávallt skal þess gætt að kanna rétt hlutaðeigandi til almennra stuðningsúrræða samhliða ofangreindum stuðningsúrræðum.

## **Verklagsreglur II. Aðstoð til greiðslu lögmannskostnaðar í barnaverndarmálum.**

### 1.gr.

Barnaverndarnefnd Vestmannaeyja veitir aðstoð til greiðslu lögmannsaðstoðar fyrir foreldra eða aðra forráðamenn barna þegar fyrir liggur einhliða áætlun um beitingu þvingunarúrræða eða áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð, svo og í tengslum við rekstur máls fyrir kærunefnd barnaverndarmála, sbr 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 28. gr. reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Leggja skal fram skriflega umsókn um framangreinda aðstoð. Þegar umsókn er metin skal höfð hliðsjón af fjárhag umsækjanda auk eðlis og umfang máls.

### 2.gr.

Aðstoð til greiðslu lögmannskostnaðar er háð því að löglærður aðstoðarmaður hafi réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi eða hæstarétti.

### 3.gr.

Foreldrar eða aðrir forsjármenn barna eða ungmenna velja sér sjálfir lögmann. Lögmaður skal hafa samband við yfirfélagsráðgjafa eða framkvæmdastjóra. Gera skal samning um vinnslu málsins þar sem fram kemur hvert hlutverk lögmanns sé í málinu og hvernig hann hyggst sinna hagsmunum umbjóðenda síns. Þá skal lögmaður gera grein fyrir tímagjaldi sínu.

### 4. gr.

Þegar afgreidd er aðstoð vegna lögmannskostnaðar skv. reglum þessum skal leggja mat á hæfilegt vinnuframlag lögmanns við að gæta hagsmuna aðila í viðkomandi máli, sbr. 3.gr. Ef um málskot til kærunefndar barnaverndarmála er að ræða skal gera ráð fyrir auknum kostnaði vegna þess. Ef um meðferð mála fyrir dómi (sbr. X og XI kafla bvl.) er að ræða er að jafnaði gert ráð fyrir að málsaðili njóti gjafsóknar. Komi upp tilvik þar sem ljóst þykir að vinnsla máls verði sérstaklega umfangsmikil skal samið um það sérstaklega. Með umsókn um fjárhagsaðstoð til greiðslu lögmannskostnaðar skal liggja fyrir hvoru tveggja, reikningur lögmanns og tímaskýrsla lögmanns.

### 5.gr.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar vegna lögmannskostnaðar skulu reglur um fjárhagsaðstoð hafðar til hliðsjónar, þ.m.t. tekjuviðmið og grunnfjárhæð, þegar tekin er ákvörðun um hvort styrkur sé veittur og hversu hár hann skuli

vera. Umsækjandi skal leggja fram sambærileg gögn yfir tekjur og útgjöld og þegar sótt er um fjárhagsaðstoð almennt. Umsóknin er metin með hliðsjón af tekjum og útgjöldum fjölskyldunnar, umfangi máls og hæfilegu vinnuframlagi lögmanns í málinu. Afgreiðslu starfsmanns skv. þessari grein má áfrýja til fjölskyldu- og tómstundaráðs eins og öðrum umsóknum um fjárhagsaðstoð.

#### 6.gr.

Reglur þessar skulu kynntar foreldrum og öðrum forsjáraðilum barns ef mál þeirra sæta meðferðar barnaverndarnefndar og þeim lögmonnum sem taka að sér að aðstoða þá.

#### 7. gr.

Þegar barni er skipaður talsmaður sbr. 46.gr. bvl. og rgl. 56/2004 miðast þóknun við launataxta persónulegra ráðgjafa. Ef talsmaður hefur fagmenntun, t.d. lögmaður, sálfræðingur, félagsráðgjafi, kennari, hjúkrunarfræðingur, er heimilt að miða við launataxta viðkomandi fagfélags. Hámarksþóknun til talsmanns er kr. 25.000 nema um sérstaklega umfangsmikið mál sé að ræða s.s. meðferð mála fyrir dómi skv. X. og XI kafla bvl. og skal þá samið sérstaklega um greiðslur og vísa máli til barnaverndarnefndar til staðfestingar. Þegar um starfsmann í óboðuðu eftirliti á heimili (sbr. 26. gr. bvl) er að ræða er sömuleiðis heimilt að miða við launataxta viðkomandi fagfélags. Greiðslur til talsmanna og starfsmanna í óboðuðu eftirliti eru verktakagreiðslur.

## **Verklagsreglur III. Könnun máls vegna gruns um kynferðisofbeldi gegn barni.**

1.gr.

Móttaka tilkynninga

Starfsmenn barnaverndarnefndar bera ábyrgð á meðferð þeirra tilkynninga skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 þar sem rökstuddur grunur liggur fyrir um að barn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi/áreitni. Um tilkynningar vegna gruns um að barn verið beitt kynferðislegu ofbeldi gilda sömu vinnureglur og um aðrar tilkynningar sem berast barnaverndarnefnd, þ.e. um könnun máls, áætlun og meðferð skv. gildandi barnaverndarlögum og reglum um könnun og meðferð barnaverndarmála hjá barnaverndarnefnd Vestmannaeyja.

2. gr.

Fyrstu aðgerðir

Þegar tilkynning berst starfsmönnum barnaverndarnefndar vegna gruns um að barn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, eða rökstuddur grunur vaknar um slíkt hjá starfsmanni, skal starfsmaður í samráði við aðra starfsmenn barnaverndarnefndar taka ákvörðun um könnun máls skv. 21. gr barnaverndarlaga eftir viðtal við tilkynnandann og forráðamenn ef við á, t.d. þegar meintur gerandi er utan fjölskyldunnar.

3.gr.

Læknisskoðun.

Ef starfsmaður metur að barn þurfi á bráðaskoðun læknis að halda, þarf í samráði við forráðamann að hafa samband við Barnahús eða Landsspítalann Háskólasjúkrahús og boða komu barns þangað, í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja ef þörf þykir. Starfsmaður gerir skriflega beiðni um læknisskoðun og sendir með barninu. Starfsmaður fylgir að jafnaði barni og foreldri til læknisskoðunar. Séu áverkar á barni eða rökstuddur grunur um að barn hafi nýlega orðið fyrir alvarlegu kynferðisofbeldi ber að fá læknisskoðun svo fljótt sem auðið er.

4.gr.  
Lögreglurannsókn.

Starfsmenn barnaverndarnefndar geta óskað lögreglurannsóknar á meintum kynferðisbrotum. Skal það gert að vel athuguðu máli og þarf grunur um brot gegn barni að vera rökstuddur. Að öllu jöfnu er rannsóknar lögreglu óskað með samþykki forráðamanna. Lögreglurannsóknar er óskað skriflega með bréfi til lögreglu. Á það skal bent að forráðamenn geta sjálfir snúið sér beint til lögreglu og óskað lögreglurannsóknar. Athuga þarf að ekki er í öllum tilfellum tilefni til þess að óska lögreglurannsóknar við upphaf könnunar. Er mál þá annaðhvort kannað með “könnunarviðtali” í Barnahúsi eða starfsmenn barnaverndarnefndar kanna málið nánar sjálfir, t.d. með viðtali við barn og aðstandendur. Starfsmenn barnaverndarnefndar hafa að jafnaði samráð við og njóta handleiðslu Barnahúss og Barnaverndarstofu í þessum málum.

5. gr.  
Tilvísun í Barnahús.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um tilvísun í Barnahús vegna könnunarviðtals skal starfsmaður barnaverndarnefndar fylla út þar til gert eyðublað og afla skriflegs samþykkis forsjárhafa fyrir tilvísuninni. Starfsmaðurinn skal rita stutta samantekt um málið og láta hana fylgja tilvísuninni. Í samantektinni skal getið um þær grunsemdir sem vaknað hafa, tilefni þeirra og atvikalýsingu. Ef slíkt liggur fyrir skal getið um einkenni hjá barninu og þróun þeirra, framburð barnsins, í hvaða samhengi hann kom fram, viðbrögð og túlkun aðila í nánasta umhverfi barnsins, tímasetningar og annað sem máli skiptir.

Starfsmaðurinn skal senda tilvísun og samantekt í Barnahús. Í Barnahúsi skal starfsmaður kynna málið og annast f.h. barnaverndarnefndar samstarf við þá aðila sem þar koma að málinu. Hann skal einnig undirbúa barn fyrir förina í Barnahús, boða barn og forráðamenn, taka á móti þeim og vera viðstaddur viðtalið.

Að jafnaði skal starfsmaður sjá um að kynna foreldrum niðurstöður þeirra athugana sem gerðar eru á barninu og leita samstarfs foreldra um áframhald málsins, s.s. gerð meðferðaráætlunar.

6. gr.  
Skýrslutaka fyrir dómi.

Beiðni um skýrslutöku (sem fer að jafnaði fram í Barnahúsi) kemur frá Héraðsdómi Suðurlands sem tekur ákvörðun um hvort, hvenær og hvar skýrslutakan fer fram. Tilvísun til Barnahúss af hálfu barnaverndarnefndar er einungis vegna beiðni um könnunarviðtal (t.d. ef mál er ekki kært til lögreglu, málavextir eru óljósir, gerandi er undir sakhæfisaldri o.s.fr.v.) og/eða þegar óskað er eftir meðferðarviðtölum við barn (þegar könnun máls er lokið).

#### 7. gr.

#### Meðferðarviðtöl og áætlun um meðferð máls

Ef barn greinir frá kynferðisofbeldi er að jafnaði gerð áætlun um meðferð máls skv. barnaverndarlögum þar sem m.a. er kveðið á um meðferðarviðtöl við barn af hálfu starfsmanns Barnahúss eða starfsmanns barnaverndarnefndar ef hentugra þykir. Lögð er áhersla á að meðferðarviðtöl fari fram í heimahéraði, þannig að starfsmaður Barnahúss komi til Vestmannaeyja og taki viðtöl við börnin þar.

#### 8.gr.

#### Rannsóknarheimildir og neyðarráðstafanir

Athuga þarf að 43. gr. barnaverndarlaga um rannsóknarheimildir gæti átt við ef grunur leikur á að barn hafi verið beitt kynferðisofbeldi af hálfu forráðamanns/heimilismanns. Ef forsjárhafi er meintur gerandi og/eða samþykki fæst ekki, gæti þurft að beita neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga (sjá 9. gr. reglna um könnun og meðferð barnaverndarmála).